

## Menntamálaráðherra setur Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá



Menntamálaráðherra, þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, setti með formlegum hætti [Evrópuár menntunar með iðkun íþróttá](#) fyrir í vikunni og flutti ávarp við setninguna sem fór fram í Grasagarðinum í Laugardal.

Í ávarpinu sagði hún m.a. „Á undanföllum árum hefur íþróttakennsla hér á landi tekið breytingum í þá átt að auka skilning einstaklings á heilbrigðu lífverni og er það vel.

Íþróttakennsla í skólum er og ber að vera aflvaki til mótnar á heilbrigðu lífverni og lífsstíl barna og ungmenna. Hlutverk íþróttakennslunnar er að hafa uppbyggjandi áhrif á líkamlega heilsu og andlega og félagslega líðan og styrkja sjálfsmýnd nemenda. Því er ljóst að markmið og gildi íþróttá falla vel að almennum markmiðum skólustarfs“.

Ennfremur sagði ráðherra að það væri von sín að með því að tileinka árið íþróttum og menntun, myndu íþróttir verða enn ríkari þáttur í skóla- og fræðslustarfi sem og almennt í lífi fólks. Við setninguna var einnig greint frá vinnu við úrvinnslu á rannsókn á lífsstíl 9 og 15 ára íslenskra ungmenna og þeim verkefnum sem að landsnefnd veitir styrki til.

Á komandi hausti fara af stað verkefni hér á landi sem hlotið hafa fjárstyrk í tengslum við árið. Verkefnin hafa það að meginmarkmiði að efla tengsl uppeldis og íþróttá, auðvelda aðgengi að íþróttum og að fræða börn, ungmenni og foreldra um íþróttir og íþróttaiðkun, hreyfingu og þá félagslegu þætti sem einkenna íþróttir. Framlag menntamálaráðuneytis til þessa verkefnis eru 3 milljónir króna auk þess sem Evrópusambandið veitir fjárstyrki til verkefna.

Ísland er eitt af 28 Evrópuríkjum sem taka þátt í Evrópuárinu sem er að frumkvæði Evrópusambandsins og skipaði menntamálaráðherra landsnefnd til að fara með yfirumsjón verkefnisins, en samningur var gerður [við Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands](#) um umsýslu þess. Meginmarkmið ársins er að minna Evrópubúa, einkum ungt fólk, á gildi íþróttá fyrir þroska einstaklingsins, félagslega hæfni og gott líkamsástand og efla tengsl menntunar, uppeldis og íþróttá.



Frá vinstri: Valgerd Svarstad Haugland, þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Brian Mikkelsen, Tanja Karpela og Jógvan á Lakjuni

### Samið um kvikmyndaverðlaun og Norræna kvikmyndasjóðinn

Menningarmálaráðherrar Norðurlandanna funduðu hér á landi nýverið og var á fundinum undirritaður nýr samningur um Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn. Samningurinn gildir í fimm ár frá árinu 2005 til ársins 2009. Á hverju ári er veitt úr sjóðnum 60 milljónum danskra króna sem jafngildir um 700 milljónum íslenskra króna til framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsefni.

#### Kvikmyndaverðlaun

Norrænu menningarmálaráðherrarnir ákváðu einnig að stofna til nýrra norræna kvikmyndaverðlauna. Verðlaunin, sem verða veitt í fyrsta sinn á næsta ári, nefnast Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs og nema 350 þúsund dönskum krónum eða um fjórum milljónum íslenskra króna. Hægt verður að tilnefna tvær myndir frá hverju Norðurlandanna og kvikmyndirnar skulu að öllu jöfnu vera á norrænu máli.

Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland geta líka tilnefnt eigin myndir.

#### Endurskoðun á norrænu menningarsamstarfi

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar stendur nú yfir endurskoðun á starfsáætlun norrænu menningarráðherranna og kynnti Ann Sandelin, verkefnisstjóri, það starf fyrir ráðherrunum. Markmið slíkrar endurskoðunar er að laga norrænt menningarsamstarf að nýjum áherslum innan norrænu ráðherranefndarinnar auk þess sem það verði sýnilegra og markvissara. Haft verði að leiðarljósi að það fé, sem veitt er til menningarstarfsins, verði nýtt til hins ítrasta, að vitund almennings á gildi norræns samstarfs verði aukin, að aðgengi fólks að norrænu menningarsamstarfi verði auðveldara og að styrkjakerfið á sviði menningarmála verði gert markvissara og rekstur þess óþyrri.

Fulltrúar úr bandalögum norræna listamanna hittu einnig ráðherrana á fundinum og farið var yfir helstu áherslur og markmið grasrótahreyfinga listamanna á Norðurlöndum í norrænni samvinnu.

Að loknum fundi ráðherranna bauð menntamálaráðherra þeim í skoðunarferð um Suðurland sem endaði með kvöldverði á Þingvöllum. Þar gafst ráðherrunum tækifæri til að kynna sér vel þann sögufræga stað, en tilnefning Þingvalla á [heimsmínjaskrá UNESCO](#) verður tekin fyrir á fundi heimsmínjanefndar í Kína í næsta mánuði.



### Menntamálaráðherra Slóvakíu heimsækir Ísland

Menntamálaráðherra Slóvakíu, dr. Martin Fronc, kom í opinbera heimsókn til Íslands í boði menntamálaráðherra, dagana 21- 23. júní sl. Ráðherrann, sem einnig hefur vísindamál á sinni könnu, kom hingað til lands ásamt fylgdarliði sínu. Hann átti fund með menntamálaráðherra og var einkum rætt um menntamála- og vísindasamstarf. Ein niðurstaða fundarins varð sú að leitað verður leiða til aukins samstarfs milli ríkjanna í alþjóðlegu vísindasamstarfi, m.a. í rammaáætlun ESB, þar sem hagsmunir smárikja fara saman. Jafnframt verða kannaðir möguleikar á tvíhliða samstarfi, t.d. á sviði jarðhita, ofl. Dr. Fronc heimsótti m.a. Marel hf, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Menntamálaráðherra hefur þekkt boð dr. Fronc um heimsókn til Slóvakíu á næsta ári.

